

reikningar séu allt of háir og hafi ekki legið fyrir, þegar húsaleigusamningurinn við stefnanda var gerður. Enn fremur sé innifalinn í reikningsupphæðunum kostnaður vegna vinnu og efnis við breytingar á pípulögnum og öðrum innréttingum, sem þegar var búið að framkvæma, en þær breytingar hafi stefnandi gert leyfislaust og verði þær því að vera á hans kostnað. Þá benda stefndu og á, að sumir þeir reikningar, sem stefnandi hefur lagt fram, séu hvorki stílaðir á hann né stefndu og enn fremur séu sumir reikninganna dagsettir eftir 1. janúar 1962, þ. e. eftir að leigusamningur aðiljanna var gerður.

Málsaðiljar hafa ekki komið fyrir dóm og framlagðir reikningar ekki verið skýrðir, svo að viðhlítandi sé, til þess að hægt sé að leggja dóm á málið. Sökum þessarar vanreifunar verður óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindu máli vísast frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Priðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 99/1966. **Heildverzlun Andrésar Guðnasonar**
 gegn
Helga Scheving Hallssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. maí 1966 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, kveðinn upp 17. maí 1966, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á

málið. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu, var eigi næg ástæða til að vísa því frá dómi. Er því hinn kærði dómur felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl s.l., hefur Heildverzlun Andrésar Guðnasonar, Hverfisgötu 72, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. marz s.l., gegn Helga Scheving Hallssyni, Hólavegi 7, Sauðárkróki, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 107.335.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 30/8 1965 til 30/12 1965 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi kveður skuld þessa vera vegna úttektar á vörum hjá stefnda 30/8 1965.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og eru þau í samræmi við dómkröfur stefnanda að öðru leyti en því, að nokkur vafi virðist vera um aðild stefnda. Pöntun á vörum þeim, sem mál þetta er af risið, er gerð í nafni Verksmiðjunnar Yls, Sauðárkróki, en undirrituð af stefnda. Reikningur yfir vörurnar er stílaður á stefnda vegna Verksmiðjunnar Yls h/f, Sauðárkróki. Á víxileyðublöðum þeim, sem fram hafa verið lögð, er skorað á Verksmiðjuna Yl h/f, Sauðárkróki, að greiða tilgreindar fjárhæðir. Innheimtubréf stefnanda er stílað á stefnda c/o Ylur h/f, Sauðárkróki. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 21. des. 1965, er stílað á Verksmiðjuna Yl h/f, Sauðárkróki. Annað innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 19. jan. 1966, er stílað

á stefnda, og því bréfi er svarað með bréfi, dags. 16. febr. 1966, undirrituðu af stefnda pr. pr. Ylur h/f.

Af því, sem nú hefur verið rakið, þykir það nokkuð ljóst, hver sé hinn raunverulegi skuldari og hvert sé samband stefnda og Verksmiðjunnar Yls h/f á Sauðárkróki, og þykir því verða að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna óljóss málatilbúnaðar.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Árnasyni kaupmanni og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Mánudaginn 3. október 1966.

Nr. 142/1965. **Sigurður G. Steinþórsson**

gegn

Karli Guðmundssyni og

Bjarna Jóhannesi Krüger.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður G. Steinþórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1966.

Nr. 97/1966. **Hótel Borg**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Hótel Borg, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.